

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um siglingavernd,
nr. 50/2004 (áhættumat hafnaraðstöðu).

(Eftir 2. umræðu, 17. mars.)

1. gr.

A-liður 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: staðfesta áhættumat útgerða fyrir íslensk skip og áhættumat hafna og gera áhættumat fyrir hafnaraðstöðu.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Samgöngustofa gerir áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og staðfestir áhættumat hafnar. Samgöngustofa staðfestir verndaráætlun hafnaraðstöðu og hafnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.